

Ef aðsókn að námi í undirbúnings- eða raungreinadeild verður meiri en skólinn getur annað, skulu þeir, sem þegar fullnægja verklegum inngönguskilyrðum í sérgreinadeildir, ganga fyrir um skólavist að öðru jöfnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi. Þó skal á árinu 1976 einnig heimilt að innrita nemendur samkvæmt óbreyttum ákvæðum 12. gr. reglugerðar nr. 215 21. júní 1973.

Menntamálaráðuneytið, 28. maí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

fyrir Fósturskóla Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk skólans.

1. gr.

Fósturskóli Íslands er rikisskóli með aðsetri í Reykjavík. Skólinn er jafnt fyrir karla og konur.

2. gr.

Hlutverk Fósturskóla Íslands er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til sjö ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabeekkjum barnaskóla og leikvöllum.

Heimilt er að fela skólanum að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum og skal þá setja um það sérstaka reglugerð.

3. gr.

Í starfsemi Fósturskólans skal stefnt að því að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum sem skólanum er ætlað að fást við og talin eru í 2. grein.

Leggja skal áherslu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til og á þann hagnaýta grundvöll sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfra sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áhersla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

4. gr.

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálarfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til.

5. gr.

Skólinn skal annast endurmenntun fósturmenntaðs fólks. Skal sú fræðsla miðast annars vegar við upprifjun og endurhæfingu fólks sem ekki hefur verið í starfi um skeið og hins vegar við endurmenntun fólks í starfi.

Endurmenntun skal veitt á ýmsan hátt svo sem:

- a. Einstakir fyrirlestrar eða fyrirlestraflokkar.
- b. Samfelld námskeið í eina eða tvær vikur.
- c. Kvöldnámskeið eitt eða fleiri kvöld í viku í nokkrar vikur.
- d. Heimsóknir og fræðsla á vettvangi.
- e. Stakir fræðslufundir með fólki í starfi.

6. gr.

Fela má skólum að annast framhaldsmenntun fyrir fósturmenntað fólk. Yrði slík framhaldsmenntun tvíþætt:

- a. Stutt námskeið.
- b. Árlangt nám sem einkum sé ætlað verðandi verknámskennurum, svo og stjórnendum barnaheimila.

Þar sem starfssvið Fósturskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands skarast skulu skólarnir hafa samvinnu um framhalds- og endurmenntun.

II. KAFLI

Stjórn skólans.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.

8. gr.

Við skólann skal vera skólanefnd sem menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.

Skólanefnd skal fylgjast með því að skólinn starfi samkvæmt lögum og reglum sem honum eru settar.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um húsnæði skólans og búnað. Skal þar farið eftir almennum reglum um skóla sem eru í gildi á hverjum tíma en auk þess tekið tillit til sérparfa skólans.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólanefndar en skólastjóri skal áður hafa farið yfir umsóknir og gert tillögur um hverjir verði teknir í skólann.

Skólastjóri og skólaráð vísa til skólanefndar umsóknum um undanþágur frá einstökum þáttum námsins sem nemandi telur sig hafa lokið annars staðar. Ætíð skal bera undir skólanefnd ef til kemur með brottvikningu nemanda úr skóla, svo og meiri háttar frávik frá reglulegu námi.

Skólanefnd gerir tillögu til menntamálaráðherra um ráðningu skólastjóra.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðherra um ráðningu fastra kennara skólans en skólastjóri skal áður hafa gert tillögur til skólanefndar. Greini skólastjóra og skólanefnd á skal leggja tillögur skólastjóra fyrir menntamálaráðherra jafnframt tillögum skólanefndar.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Sé skólanefnd ósamþykk ráðningu einhvers stundakennara skal hún leggja fram rökstuddar tillögur um ráðningu annars í hans stað og er slík breyting háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Skólanefnd gerir árlega tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingu til skólans. Skulu þær tillögur byggjast á áætlun skólastjóra og liggja fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps.

Að öðru leyti starfar skólanefnd samkvæmt erindisbréfi er menntamálaráðuneytið setur.

Haldin skal gerðabók yfir fundi skólanefndar.

9. gr.

Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar við stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess en auk hans sitja í ráðinu tveir fastir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda. Skulu fulltrúar kennara kosnir á fyrsta kennarafundi hvers skólaárs og fulltrúar nemenda kosnir af nemendaráði á sama tíma, sbr. 10. grein. Kosning til skólaráðs gildir til eins árs í senn. Annar kennaranna í skólaráði skal vera verknámskennari. Meðan ekki eru a. m. k. tveir fastir kennarar við skólann má kjósa stundakennara í skólaráð ef hann kennir minnst níu stundir á viku við skólann.

Skólaráð skal hafa fastan fundardag í hverjum mánuði sem skólinn starfar en auk þess má kveðja það til fundar eftir þörfum.

Skólaráð fjallar um þau atriði skólastjórnar sem ekki falla beint undir skólastjóra eða skólanefnd samkvæmt reglugerð þessari og erindisbréfum. Skólastjóri getur auk þess leitað ráða hjá skólaráði um önnur atriði. Meðal verkefna skólaráðs er fyrirkomulag námsins innan hins almenna ramma skólans, undirbúningur stundaskrár og námsefni næsta skólaárs, gerð próftöflu, svo og agabrot nemenda, þó skal vísa til skólanefndar tillögum um brottvikningu, sbr. 8. grein. Þá tekur skólaráð til meðferðar umsóknir um undanþágu frá eða frestun á einstökum þáttum námsins, sbr. þó 8. grein.

Haldin skal gerðabók yfir fundi skólaráðs.

10. gr.

Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kys fulltrúa í skólaráð í upphafi hvers skólaárs, sbr. 9. grein. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

11. gr.

Skólastjóri hefur sem framkvæmdastjóri skólanefndar yfirumsjón með rekstri skólans, húsum hans og munum, sjóðum, framkvæmdum og fjárreiðum öllum.

Skólastjóri skal hafa forystu um uppeldisverk skólans og bera ábyrgð á því að öll starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skólanum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því að kennarar og aðrir starfsmenn ræki skyldur sínar.

Skólastjóri skal með aðstoð kennara fylgjast sem best með framförum, hegðun og iðni nemenda skólans og leiðbeina þeim eftir föngum.

12. gr.

Almennur kennarafundur allra kennara skólans skal haldinn í upphafi hvers skólaárs og síðan eins oft og þurfa þykir. Skólastjóri boðar til kennarafundar

þegar hann telur þörf á en auk þess er hann skyldur til að boða kennarafund ef þrír kennarar hið minnsta óska eftir því. Á almennum kennarafundi skal kynna ákvarðanir skólaráðs varðandi fyrirkomulag námsins og kennsluhætti, svo og almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmats. Ef meiri hluti fastra kennara er andvígur tillögum skólaráðs skal skólaráð fjalla um þær aftur og bera þær að nýju undir kennarafund. Kennarafundur getur einnig átt frumkvæði að því að komi til meðferðar skólaráðs eða skólanefndar.

Kennarafundur kýs við upphaf hvers skólaárs tvo kennara í skólaráð, sbr. 9. grein.

Rétt til að sitja kennarafundi hafa, auk kennara skólans og skólastjóra, skóla-læknir og skólahjúkrunarkona, svo og ráðgjafi ef ráðinn verður að skólanum, þegar fjallað er um mál er varða starfssvið þeirra. Skólastjóri býr mál undir kennarafund en þó getur hver kennari og aðrir þeir, sem rétt hafa til fundarsetu, borið fram mál.

Halda skal gerðabók yfir fundina.

III. KAFLI

Inntaka nemenda í Fósturskólann.

13. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til hennar um það efni.

Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:

1. Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verslunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
2. Heimilt er að veita umsækjanda skólavist þótt hann fullnægi ekki kröfum 1. töluliðar með hliðsjón af hæfnisprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á þeim stofnunum sem skólinn menntar starfslið til. Skal við mat á slíkum umsóknum m. a. hafa í huga að umsækjandi hafi næga þekkingu, t. d. í íslensku og dönsku, til að geta tileinkað sér náms-efni skólans.
3. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
4. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

IV. KAFLI

Um nám, námstíma og námstilhögun.

14. gr.

Námstími í skólanum er þrjú ár og er námið bæði bóklegt og verklegt. Náms-tíminn skiptist í bóklegar og verklegar annir. Nemendum er skylt að mæta í kennslu-stundir nema veikindi eða önnur gild forföll hamli.

15. gr.

Annaskipti skulu vera sem hér segir:

1. ár: Námið hefst með bóklegri önn sem stendur frá miðjum september til jóla eða í 13—15 vikur. Að loknu jólafrii tekur við verkleg önn á stofnunum í 5 vikur. Námsárinu lýkur með bóklegri önn sem stendur í 13—15 vikur.

2. ár: Námið hefst um miðjan september með tveggja vikna bóklegu námskeiði, áheyrn og athugunum á uppeldisstofnunum fyrir börn á forskólaaldri. Frá 1.

október til og með 31. maí er verklegt nám á uppeldisstofnunum. Samið skal við viðkomandi aðila um laun nema á þessu tímabili.

3. ár: Námið er bóklegt, hefst um miðjan september og lýkur í maílok.

16. gr.

Hið verklega nám fer fram undir eftirliti og stjórn verknámskennara. Það fer fram á stofnunum sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir og skal neminn starfa á deild með fósturu.

Jafnhliða hinu samfellda, verklega námi á öðru námsári skulu nemendur fá verkefni til úrlausnar frá skólanum og koma saman til umræðufunda og náms a. m. k. einu sinni í mánuði.

Forfallist nemi á öðru ári frá verklegu námi lengur en 4 vikur lengist verklega námið sem því svarar.

17. gr.

Grunnmenntun sú, sem Fósturskólinn veitir, sbr. 2. og 3. grein, skiptist í uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálgreinar og náttúrufræðigreinar, þar með taldar heilsufræðigreinar.

Heimilt er einnig að gefa kost á námi í öðrum greinum, t. d. erlendum tungumálum, ef þurfa þykir og aðstæður leyfa.

18. gr.

Tímafjöldi í einstökum greinum og skipting þeirra á annir skal vera sem næst því er hér segir:

	1. ár 1. önn	1. ár 3. önn	3. ár	
Uppeldisgreinar:				
Hagnýt uppeldisfræði og starfshættir	70	28	90	
Sálarfræði	28	84	120	
Meðferð ungbarna	28	28		
				476
Félagsgreinar:				
Félagsfræði og hópefli			90	
Félagslöggjöf			30	
Samfélags- og átthagafraði		42	60	
				222
Móðurmálgreinar:				
Íslenska	42	42	60	
Barnabókmenntir	28		60	
Framsögn — raddbeiting		28	30	
				290
Náttúrufræðigreinar:				
Heilsufræði — heilsuvernd	56		30	
Næringarefnafræði			30	
Líffræði — eðlisfræði	28	28	30	
				202
List- og verkgreinar:				
Myndið — skapandi starf	84	84	150	
Tónlist	28	28	90	
Rytmik — dramik	28	28	30	
				550
Stundafjöldi á önn:	420	420	900	
Stundafjöldi alls:				1740

Heimilt er þó að vika frá ákvæðum þessarar greinar með samþykki menntamálaráðuneytisins.

V. KAFLI

Um próf og námsmat.

19. gr.

Hverjum kennara ber að fylgjast með því hvernig nemendum vegnar í námi í þeim greinum sem hann kennir. Hann skal í upphafi hverrar annar leitast við að gera nemendum grein fyrir markmiðum námsins og hjálpa þeim síðan til að meta hvort þeir ná þeim eða ekki.

20. gr.

Í hinu verklega námi skal hver deildarfóstra í samráði við forstöðukonu gefa umsögn um nema á þar til gerðu eyðublaði. Umsagnir þessar skulu sendar verknámskennara. Verknámskennari leiðbeinir nemum m. a. á grundvelli þessara umsagna sem fara skal með sem trúnaðarmál en hann heimsækir líka nema á stofnunum og kynnist þeim í starfi eftir því sem unnt er.

Að námi loknu skal gefa eina einkunn í verklegu uppeldisstarfi. Þá einkunn gefur verknámskennari í samráði við deildarfóstrur. Hafa skal til hliðsjónar ofangreindar umsagnir og eigin kynni verknámskennara af nema í verklegu námi. Einkunnin skal gefin í orðum og eru einkunnirnar ágætlega hæfur, vel hæfur, hæfur, ekki hæfur. Skal á skirteini sagt um hvaða einkunnir er að ræða svo hverjum lesanda sé ljóst mat skólans á verklegri hæfni nemans. Er einkunn þessi gefin í lok annars námsárs. Til að mega halda áfram námi á þriðja námsári þarf einkunnina hæfur hið minnsta.

21. gr.

Í lok fyrra misseris fyrsta árs skal meta stöðu nemandans í öllum greinum, annaðhvort með prófi eða af verkefnum sem hann hefur leyst. Í heilsufræði skal þó haft próf og er einkunn í heilsufræði hluti af loka-einkunn nemandans í náttúrufraeðigreinum. Próf eða umsögn í öðrum greinum er einkum ætlað nemendum til leiðbeiningar. Ræða skal við þá nemendur sem ekki hafa náð tókum á náminu og þeim leiðbeint eftir föngum.

Í lok síðustu annar fyrsta árs skal haldið próf í öllum bóklegum greinum. Í list- og verkgreinum skal ekki haldið próf nema kennari óski en meta skal frammistöðu nemenda yfir veturinn og gefa einkunn fyrir. Einkunnir fyrsta árs eru hluti af loka-einkunn nemenda. Áður en próf fer fram skulu kennarar gefa nemendum starfseinkunn fyrir frammistöðu yfir veturinn og gildir hún þriðjung á móti vorprófi. Sama gildir um heilsufræðieinkunn haustannar.

Til að standast próf fyrsta árs og þar með öðlast rétt til verklegs náms á öðru ári þarf meðaleinkunnina 5.0 hið minnsta og einkunnir í uppeldisgreinum mega ekki vera lægri en 5.0 í hverri um sig. Heimilt er nemanda, sem ekki nær lágmarkseinkunn í einni eða tveimur uppeldisgreinum, að þreyta haustpróf. Nemandi, sem ekki nær lágmarkseinkunn í fleiri en tveimur uppeldisgreinum eða í tveimur uppeldisgreinum og aðaleinkunn, fær ekki að þreyta haustpróf en heimil er honum endurseta í bekknum einu sinni.

Heimilt er nemanda, sem ekki nær tilskilinni meðaleinkunn að loknu fyrsta námsári, að þreyta próf í einni eða tveimur greinum að hausti.

Í lok þriðja árs skal halda próf í öllum greinum sem kenndar eru það ár nema list- og verkgreinum þar sem ákvæði fyrsta árs gilda. Til að standast próf þarf lágmarkseinkunnina 5.0 í öllum uppeldisgreinum og íslensku. Um heimild til að

endurtaka próf og til endursetu gilda ákvæði fyrsta árs. Þegar sama grein hefur verið kennd á fyrsta og þriðja ári gildir einkunn fyrsta árs móti einkunn þriðja árs í hlutföllunum 1 : 2. Starfseinkunn skal gefin á sama hátt og á fyrsta ári.

Ekki skal gefin einkunn í þeim greinum sem kenndar eru á námskeiðum né heldur í rytmik, dramik, framsögn og raddbeitingu enda hafi nemendur sótt 80% tímanna hið minnsta. Í sérstökum tilvikum er nemandi heimilt með leyfi skólaráðs að sanna kunnáttu sína í grein, sem kennd er á námskeiði, með prófi hafi hann af gildum ástæðum ekki getað tekið þátt í því nema að hluta. Einnig er heimilt að taka til greina námskeið sem tekin hafa verið annars staðar enda séu þau sannanlega sambærileg.

22. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum á bilinu 0—10. Önnur brot geta komið fram þegar meðaltöl tveggja eða fleiri einkunna eru tekin. Einkunnin 9—10 telst ágætiseinkunn, einkunnin 7—8.99 telst vera fyrsta einkunn, einkunnin 6—6.99 önnur einkunn og einkunnin 5—5.99 þriðja einkunn.

Eftirtaldar einkunnir verða á lokaprófsskirteini:

Í hagnýtri uppeldisfræði, starfsháttum og meðferð ungbarna	1 einkunn
Í sálarfræði	- —
Í félagsgreinum	- —
Í náttúrufræðigreinum	- —
Í íslensku	- —
Í myndið og skapandi starfi	- —
Í starfi á vettvangi (verklegt nám)	- —

Tekið skal fram á skirteini hvaða námsgreinar og námskeið nemandi hefur sótt sem ekki er gefin einkunn í.

Til viðmiðunar um vægi einstakra þátta lokaekunnar má hafa stundafjölda í hverjum þætti.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til þriggja ára í senn prófdómara í uppeldisgreinum og félagsgreinum á þriðja ári að fengnum tillögum skólustjóra. Heimilt er að ráða prófdómara til að fara yfir úrtak verkefna í öðrum greinum ef sérstaklega stendur á. Beri prófdómara og kennara mikið á milli við slíka úrtakskönnun má láta prófdæma öll verkefnin. Tekur skólustjóri ákvörðun um það.

VI. KAFLI

Um starfslið Fósturskólans.

24. gr.

Fósturskólinn skal vera svo vel búinn starfsliði að hann geti rækt þær skyldur er lög mæla fyrir um.

25. gr.

Skólustjóri Fósturskólans skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði.

26. gr.

Fasta kennara skal ráða að skólanum eftir þörfum og stundakennara í þá kennslu sem fastir kennarar anna ekki eða hafa ekki menntun til.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar við skólann í bóklegum greinum sem hafa lokið háskólaprófi í þeim aðalgreinum er þeir kenna. Þeir sem lengri hafa eðli-

legan námstíma ganga fyrir ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti. Þeir skulu og hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

Verknámskennarar skulu hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands (Fóstruskóla Sumargjafar) eða sambærilegum erlendum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skulu þeir hafa unnið fóstrustörf með góðum árangri í a. m. k. þrjú ár.

Kennarar í list- og verkgreinum skulu hafa lokið kennaraprófi í kennslugreinum sínum.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita ef sérstaklega stendur á.

27. gr.

Hverjum kennara skólans er skylt að hafa umsjón með einni bekkjardeild skólans ef skólastjóri ákveður svo.

Fastur kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því sem aðstæður leyfa. Má fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíku aukastarfi enda komi til samþykki menntamálaráðuneytisins.

28. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í fimm ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi getur það veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma sem skólar héraendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst þegar kennurum gefst kostur á að kynnast slíkum skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þáttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk sem nemur allt að $\frac{2}{3}$ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara sem taka þátt í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur $1\frac{1}{2}$ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið skal í framkvæmd á lögum um orlof kennara gæta þess eftir föngum að það trufli ekki störf eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms að þeir starfi að námi loknu við skólann í minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til

að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennurum launalaust leyfi þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

Kennarar skólans skulu eiga þess kost eigi sjaldnar en á fimm ára fresti að sækja námskeið í kennslugreinum sínum sér að kostnaðarlausu til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjóra.

29. gr.

Félags- og námsráðgjafi. Við skólann skal starfa félags- og námsráðgjafi og miðast fullt starf við 750 nemendur.

Félags- og námsráðgjafi skal vera uppeldis- eða sálfræðingur eða kennari sem fyrir sérþekkingar eða reynslu sakir telst hæfur til að takast slíkt á hendur. Hann liðsinnir nemendum í námsvanda, svo og um einkamál. Hann fer með hvert erindi, sem undir hann er borið, og þá vitneskju, sem hann öðlast í starfi sínu, sem algert trúnaðarmál.

Félags- og námsráðgjafi er einnig ráðgjafi kennara um vandamál nemenda. Skulu kennarar leita til hans ef nemanda sækist námið vonum seinna eða ef nemandi semur sig ekki að háttum skólans. Í samráði við skólastjóra hefur ráðgjafi samband við vandamenn nemenda sem í örðugleikum eiga með nám.

Félags- og námsráðgjafi á rétt til setu á fundum skólaráðs þegar fjallað er um námserfiðleika eða agabrot einstakra nemenda og hefur þar málfrelsi og tillögu-rétt en eigi atkvæðisrétt.

Félags- og námsráðgjafi skal hafa fastan viðtalstíma í skólanum og vera þar á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Fulltrúi skal annast störf á skrifstofu skólans, bókhald, vélritun og hvers konar daglega afgreiðslu. Hann aðstoðar skólastjóra við undirbúning fjárlaga. Hann skal annast skjalavörslu eftir nánari fyrirmælum skólastjóra. Einnig má fela honum önnur störf eftir því sem tími leyfir og þörf er á.

Bókavörður. Ráðinn skal sérmenntaður bókavörður í hluta starfs eða heilt starf eftir því sem þörf er á.

Húsvörður. Hann hefur umsjón með lóð og húsum skólans, dyravörslu, húsmunum, ræstingu, ljósi og hita. Hann sér um innkaup á tækjum og efni til ræstingar og annast vörslu þess. Hann ræður í samráði við skólastjóra starfslið til ræstingar og annarra starfa er falla undir hans umsjónarsvið og stjórnar þeim verkum. Hann hefur reiður á starfstíma þess og skilar fulltrúa skýrslu um hann svo að greiðslur komi fyrir í tæka tíð. Húsvörður hefur umsjón með og annast viðhald á húsi og húsbúnaði og vekur í tæka tíð athygli á því er ætla má að þarfnist fjárveitinga ár hvert. Hann sér um að húsakynni skólans séu opin þegar þörf krefur en læst ella.

Fastir starfsmenn skólans eru starfsmenn ríkisins. Um laun og starfstíma fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

VII. KAFLI

Um húsrými og tæki.

30. gr.

Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar sér menntamálaráðuneytið skólanum fyrir húsrými er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af vídeigandi gerð fyrir bóklegt og verklegt nám, bókasafni og lesstofum, félagsher-

bergjum nemenda, skrifstofuhúsnæði fyrir kennara og skólastjóra, herbergi fyrir lækniþjónustu og það húsnæði annað er þörf verður fyrir.

Fósturskólanum skal séð fyrir safni bóka og annarra kennslugagna sem nemendur hafi aðgang að, svo og þeim kosti kennslutækja er þörf verður á.

31. gr.

Skólastjóri skal leita eftir tillögum kennara um bækur og kennslugögn og leggur þær til grundvallar við fjárhagsáætlun skólans.

VIII. KAFLI

Um heilsuvernd.

32. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í samráði við heilbrigðisyfirvöld og skólastjórn skólalækni og hjúkrunarkonu og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum og starfa samkvæmt ákvæðum í lögum og reglugerðum um heilsuvernd í skólum.

IX. KAFLI

Um gildistöku reglugerðarinnar.

Reglugerð þessi er sett samkv. 23. gr. laga nr. 10 1973 um Fósturskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 30. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

3. júní 1976.

Nr. 227.

REGLUGERÐ

um stjórn póst- og símamála.

1. gr.

- 1.1. Stjórn póst- og símamála er í höndum póst- og símamálastjóra undir yfirstjórn samgönguráðherra. Póst- og símamálastjóri er forstjóri þeirrar ríkisstofnunar, sem annast rekstur póst- síma- og fjarskiptamála. Póst- og símamálastjóri ber ábyrgð gagnvart samgönguráðuneyti og stjórnar stofnuninni í samræmi við stefnumörkun, sem felst í lögum, reglum og fyrirmælum æðri stjórnvalda.
- 1.2. Stjórnunarhluti stofnunarinnar greinist í fjórar aðaldeildir, fjármáladeild, tækni-deild, umsýsludeild og viðskiptadeild. Aðaldeildir greinast svo aftur í undirdeildir, samkvæmt skipuriti, sem ráðherra staðfestir.
- 1.3. Reksturshluti stofnunarinnar greinist í fjögur póst- og símaumdæmi.
- 1.4. Hverri aðaldeild stjórnar framkvæmdastjóri en umdæmisstjóri hverju umdæmi. Framkvæmdastjórar og umdæmisstjórar heyra beint undir póst- og símamálastjóra.

2. gr.

- 2.1. Aðaldeildir pósts og síma vinna að áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, í samræmi við markmið stofnunarinnar og ákvarðanir stjórnvalda.